

HÚÐ & HÁR

LAUGARDAGUR 21. JÚNÍ 2014

Matur fyrir húðina

Leyndarmálið á bak við geislandi húð gæti leynst í eldhússkápunum en ýmsar fæðutegundir hafa jákvæð áhrif á húðina.

SÍÐA 2

Ballerínuhnútur

Lítið mál er að búa til klassískan ballerínuhnútt. YouTube kemur klaufum til bjargar. **SÍÐA 4**

Kókosolían vinsæl

Tískutímarit fullyrðir að kókosolía sé mesta tískaæðið um þessar mundir.

SÍÐA 6

Hollur og góður matur fyrir húðina

Flestir vilja hafa silkimjúka og geislandi húð. Leyndarmálið að baki því gæti leynst í eldhússkápunum en ýmsar fæðutegundir hafa jákvæð áhrif á húðina. Hér eru nokkrar slíkar matvæategundir sem eru góðar fyrir húðina og ekki skemmir fyrir að mest af þessu er gott fyrir bragðlaukana líka.

Súkkulaði

Kakó gefur húðinni raka og gerir hana stinna og teygjanlega. Dökkt súkkulaði inniheldur mikið af andoxunarefninu flavonól svo gott er að súkkulaði sé að minnsta kosti 70% kakó. Nokkur grömm af súkkulaði á dag ættu að gera húðina ljómandi.



Sólblómafræ

Fræin eru full af E-vítamíni sem heldur húðinni teygjanlegri og verndar efstu lög hennar fyrir sólinni. Sólblómaolíu er gott að bera á húðfleti sem eru gjarnan þurrir, svo sem varir og hæla.

Hafragrautur

Hafragrautur er vítamínríkur og ekki auðmeltanlegur þannig að blóðsykurinn helst stöðugur í lengri tíma eftir neyslu hans. Sveiflukenndur blóðsykur eykur magn andrógena í líkamanum en andrógén er hormón sem eykur hrukku-myndun.



Granatepli

Granatepli eru full af pólýfenólaxó-unarefnum. Pólýfenól kemur stjórn á blóðflæði húðarinnar og gefur henni rósrauðan blæ. Andoxunarefni í granateplum hjálpa til við að draga úr hrukku og mýkja húðina.



Valhnetur

Í valhnetum eru mikilvægar ómega-3 fitusýrur sem geta aukið teygjanleika húðarinnar. Hneturnar eru líka hlaðnar kopar, steinefni sem eykur kollagen-framleiðslu líkamans.



Jógúrt

Prótín sem fást úr mjólkurvörum gera húðina stinnari og geta dregið úr hrukku-myndun. Grísk jógúrt á að vera sérstaklega góð í þessum efnum.



Paprika

„Konur sem borða grænt og gult grænmeti eru gjarnan með færri hrukku, sérstaklega í kringum augun,“ segir Jessica Wu, húðsjúkdómalæknir í Los Angeles. Efni í þess konar grænmeti getur minnkað næmi húðarinnar fyrir sól.



Nýrnabaunir

Þær eru ríkar af sinki og rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli þess að vera gjarn á að fá bólur og lágs sinkmagns í líkamanum.

Láttu verðið koma þér á óvart!

Lífrænt vottað
Án parabena

Benecos varalitirnir innihalda shea butter sem mýkir og nærir varlinar

www.gangar.is

benecos náttúrleg fegurð

Vörurnar fást í Lyfju, Heilsuhúsinu, Lífandi markaði, Fjarðarkaupum, Garðsápóteki, Systrasamlaginu, Heilsuveri Suðurlandsbraut, Heilsutorgi Blómavals, Snyrtistofunni Rán Ólafsvík, Snyrtistofunni Öldu Egilsstöðum, Snyrtistofu Valgerðar Þórshöfn, 1 dagsins önn Stykkishólmi, www.tofa.is og www.heimkaup.is.

Svíða á sér hárið fyrir lokka eins og Gisele

Brasilskar konur láta sviða burt slitna hárenda með logandi kerti, til að líta út eins og Gisele Bündchen. Gisele er í brennidepli í Brasilíu um þessar mundir en hún mun afhenda heimsmeisturinum í fótbolta bikarinn þegar keppninni lýkur í júlí. Gisele skartar þykku, bylgjandi og mjúku hári sem brasilskar konur eru tilbúnar að leggja ýmislegt á sig fyrir eða svo segir á fashionista.com. Þessi sérstaka hárskerðingaraðferð getur tekið tvo til þrjú klukkutíma og eru það helst efnameiri konur og fyrirsætur sem skella sér í logann. (Vart þarf að taka fram að þessa tækni skal ekki reyna upp á eigin spýtur við baðspegilinn heima!)

Einnig er vinsælt að í stað þess að láta klippa neðan af öllu hárinu til að snyrta það eru einungis slitnu endarnir klipptir burt með tímafrekri aðferð, hársnyrtirinn rennir fingrum gegnum hvern einasta hárlokk og klippir hvern einasta enda sem stingur sér út. Þannig halda brasilsku tískudrósir síddinni en hárið verður silkimjúkt.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, s. 512 5434, bryndis@365.is
Abyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Varasalvi

Rich nourishing lip balm

Blue Lagoon varasalvinn er nærandi, mýkir og veitir góða vörn. Hann veitir heilbrigða og fallega áferð. Varasalvinn er án parabena.

www.bluelagoon.is




Einstakt samspil náttúru og vísinda

Jarðsjór Bláa Lónsins á uppruna sinn á 2000 metra dýpi og náttúruleg innihaldsefni hans, þörungar, kísill og steinefni eru grunnurinn í Blue Lagoon húðvörum. Húðvörurnar styrkja efsta lag húðarinnar, draga úr niðurbroti á kollageni og örva eigin kollagennýmyndun húðarinnar. Rannsóknir, leiddar af Prof. Jean Krutmann, húðlækni og einum fremsta sérfræðingi heims á sviði rannsókna á öldrun húðarinnar, sýna þetta og á þeim rannsóknum byggir þróun Blue Lagoon húðvörulínunnar gegn öldrun húðarinnar.

Fegurðin kemur að innan

Auðveldur ballerínuhnútur

Allt of margir telja sig vera með tíu þumalfingur þegar kemur að hárgreiðslu. En meira að segja óhandlagnasta fólk getur lært að gera einfaldar greiðslur í hár, til dæmis hinn klassíska balletthnútur. YouTube er til að mynda frábær hjálparkokkur allra sem vilja læra að flétta fasta fléttu, setja upp hár, slétta eða krulla.




Ballettiðkun er nokkuð algeng meðal stúlkna á Íslandi. Íslenskar mæður og feður hafa því þurft að koma sér upp kunnáttu í því að setja ballerínuhnútur í dætur sínar. Sumum vex þetta verkefni í augum en í raun er það sáraféinfalt. Hér eru nokkrir punktar um hvernig best er að bera sig að.

Hafið við höndina

Bursta, tvær teygjur, hársþennur, hárkleinuhring, hársprey og jafnvel hárfroðu.


1. Setjið hárið í hátt tagl. (Einnig er hægt að hafa hnútinn í hnakknum og er þá taglið sett þar). Passið að allt hárið sé í taglinu og að það sé allt slétt og fínt. Þessu má ná með því að renna yfir hárið með greiðu og setja jafnvel hárfroðu í það til að stuttu hárin standi ekki út í loftið.
2. Setjið taglið í gegnum kleinuhringinn (slíka hringi má fá víða og í ýmsum stærðum).
3. Lyftið taglinu hátt upp og skiptið í tvo jafna hluta, efri og neðri.
4. Dreifið nú hárinu jafnt yfir kleinuhringinn.
5. Takið lausu hárin og vefjið þeim réttisælís utan um taglið undir kleinuhringnum.
6. Gott er að setja stóra teygju utan um hnútinn einu sinni til að halda öllu í horfinu.
7. Festið með spennum á nokkrum stöðum.
8. Nú má spreya hárspreyi yfir til að ekkert fari úr skorðum.
9. Hnúturinn er fallegur einn og sér en einnig eru til fallegar teygjur og borðar sem binda má utan um hnútinn.



Kim Kardashian skartar oft klassískum ballerínuhnúti í svörtu hárinu.



Kate Bosworth með fallegan háan hnút.



Leikkonan Emmy Rossum með klassískan hnút.



Hnúturinn fer Reese Witherspoon mjög vel.

NÝTT frá Olay Regenerist

3 POINT SUPER CLEANSING SYSTEM

4x árangursríkari húðhreinsun en með hefðbundnum andlitshreinsi.

Breyttu umhirðu þessar húðar á byltingarkenndan hátt!

FROM THE WORLD'S **No.1** FACIAL SKIN CARE BRAND

OLAY REGENERIST

www.medico.is



Kleópatra VII Filópator, drottning og farao Egyptalands hins forna, var annáluð fyrir glæsileika. Kleópatra fæddist í janúar árið 69 fyrir Krist og dó 12. ágúst árið 30 fyrir Krist.

Húðgaldur fornra gyðja

Reglulega berast fegurarráð frá nafntoguðum fegurðardísunum nútímans en frægar gyðjur menningarþjóðfélaga fornaldar kunnu einnig að dekra við sig og segja elli kerlingu stríð á hendur.

- Eitt fyrsta fegurarráð sögunnar kemur frá Kleópötru, drottningu Egyptalands. Hún laugaði andlit sitt með blöndu eplaediks og vatns til að vinna á óhreinindum og bakteríum og notaði þess á milli mjólk og hunang til að gera húðina fegurri. Prófið að blanda saman teskeið af ediki á móti tveimur bollum af vatni.
- Kleópatra var einnig meðvituð um góð áhrif vínberja á ótímabæra öldrun húðar. Hún kramdi vínber, blandaði þeim saman við hunang og makaði á andlit sitt til yngingar. Merjið tíu græn vínber og blandið saman við matskeið af hunangi. Makið á andlit og látið vera í tíu mínútur. Hreinsið svo af með volgu vatni.
- María Stúart Skotadrottning fór iðulega í uppbyggjandi rauðvinsbað til að halda húðinni ungru og fersku. Prófið að hella einu rauðvinsglasi út í baðvatnið til að mýkja húðina.
- Elísabet fyrsta Englandsdrottning var heilluð af eggjamaska sem er góður til að styrkja hörundið og draga úr roða, þrota og bólum. Aðskiljið egg og makið eggjahlítt á andlitið. Látið vera í tíu mínútur og hreinsið þá af með volgu vatni.
- Ástargyðjan Afróðíta hélt húð sinni fegurri með þangi og þara, bæði til átu og sem líkamsmeðferð. Nota má þang og þara út í salöt og súpur eða baða sig í því til að gera húðina stinna.
- María Antonía Frakklandsdrottning hélt sér unglegri með kryddjurtabaði sem samanstóð af blóðbergi, kryddmæru, lárviði og salti. Sjóðið í dálitlu vatni 2 matskeiðar blóðbergs, 1 teskeið kryddmæru, 3 lárviðarblöð og skvettu af salti og setjið út í baðvatnið.
- Konur til forna drógu menn á talar með ilmjurttum og var kanill í sérstöku dálæti sem þær settu í rúmföt fyrir rómantískar nætur.

Langvirk sólarvörn sem reynist best, segir Eygló Ósk

Proderm-sólarvörnin hefur lengi verið notuð af afreksþróttafólki sem þarf á hámarksvörn að halda við erfiðustu aðstæður. Proderm hentar þó einnig vel í garðinum heima sem og á ströndinni fyrir alla fjölskylduna. Afrekssundkonunni Eygló Ósk Gústafsdóttur finnst Proderm vera besta sólarvörnin fyrir sig í sundi og í sól.

Proderm er langvirk sólarvörn sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma norræna húð. Húðlæknar mæla með Proderm fyrir allar húðgerðir og fólk með viðkvæma húð sem hættir til að fá sólaræxem. Grunnformúla Proderm er læknisfræðilega skráð. Proderm er með hæstu gæðavörn gegn UVB- og UVA-útfjölu-bláum geislum og er í flokki sólarvarna með fimm stjörnur fyrir UVA-vörn sem er eftirsótt gæðaviðurkenning.

Polir sund, sjó, klórvatn, svita og handklæði

Sólarvörnin myndar raka-fyllta vörn í dýpsta hornlag húðarinnar sem styrkir varnir húðarinnar og ver hana í langan tíma. Hægt er að fara í sund, sjó, svitna og þurrka sér með handklæði án þess að vörnin fari af eða nuddist í fatnað.

Hentar allri fjölskyldunni

Proderm er í froðuformi og því afar þægilegt að bera hana á. Hún smýgur fljótt inn í húðina sem verður laus við fitu, klístur og allan glans. Húðin verður mjúk og rakafyllt.

Sólarvörnin hentar fyrir alla fjölskylduna og má bera hana á allan líkamann, andlit, hársvörð og líka varir sem verða silkimjúkar og þorna ekki. Formúlan gerir það að verkum að vörnin fer ekki af þó fólk borði eða setji varalit yfir.

Proderm er örugg vörn fyrir börn allt frá sex mánaða aldri. Varan inniheldur enda ekkert paraben, engin ilm- eða litarefni og ekki er notuð nein nanótækni við framleiðslu hennar.

Valin besta sólarvörnin í óháðum prófunum

Proderm-sólarvörnin hefur

fengið afar góðar umsagnir víða um heim. Sænsku Viti-ligo (skjallbletta) húðsamtök-in hafa útnefnt Proderm sem öruggustu sólvörnin fyrir sína meðlimi. Skjallblettir eru hvítir flekkir á líkamnum þar sem vantar allar litafrumur. Þetta er tilkomið vegna sjálfsofnæmis.

Proderm var valin besta sólarvörnin í óháðum prófunum sem stóðu yfir heilt ár á sólarströnd, í heitum vindasömum eyðimerkur-sandi, í sjósundi og í kletta-fjallgöngum. Í þeim prófunum reyndist Proderm best. Eins hafa virt erlend tímarit og húðsamtök valið Proderm sem bestu sólarvörnin og besta „after sun“.

Íþrótta- og sundkeppnis-fólk notar Proderm

Ein af þeim er ein frækna-asta sundkona landsins, Eygló Ósk Gústafsdóttir hjá sundfélaginu Ægi. Eygló er Ólympíufari og margfaldur Íslandsmeistari og methafi. Keppnisfólk hjá sundfélögum á borð við Stjörnuna og Ægi bera mikið lof á Proderm vegna þess hve vel það reynist í sundi.

Vernd gegn húðöldrun

Proderm mettar húðina af raka og ver húðina gegn þurrki, hrukkum og brúnum húðblettum.

Proderm veitir góða vörn fyrir þá sem eru með bólur, í því er engin fita og það teppir ekki húðina. Eins þá sem hafa nýlega farið í leiser-meðferðir á húð eða eru með ný ör. Þá er hún einnig vörn gegn brúnum húðblettum og kemur í veg fyrir að tattú upplitist í sólinni.

Proderm After Sun veitir mikla og langvirka kælingu eftir heitan sumardag, mykt og raka og er með kælandi aloe vera og kamillu. After Sun frá merkinu fær mikið lof húðfræðinga sem hafa valið Proderm bestu „after sun“-vöruna.

Umbúðirnar frá Proderm eru bakteríuheldar og halda vörninni ferskri og því er óþarfi að henda restum.



Eygló Ósk:

„Proderm-sólarvörnin hefur reynst mér best. Ég þarf oft að vera klukkutímum saman í sundi og æfi oft í sterkri sól. Með því að nota Proderm brennur húðin aldrei og húðin helst mjúk og þornar ekki af klórvatninu. Sólarvörnin er langvirk og fljótlegt að bera froðuna á mig, það myndast engin fituáferð á húðinni, ég er sérlega ánægð líka með hvað sólarvörnin er drjúg og endingargóð.“



Fæst í apótekum, Hagkaup og Fríhöfninni. Umboð: Celsus. www.proderm.is.

Notar alltaf Proderm



Friða María Harðardóttir hefur starfað sem förðunarfræðingur í fjöldamörg ár. Hún hefur komið að auglýsingum fyrir stórfyrirtæki og farðað fyrir kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leikhús og á tiskusýningum.

Friða María Harðardóttir er einn af eftirsóttustu förðunarfræðingum landsins. „Ég hef notað Proderm sólarvörninna í mörg ár, bæði fyrir sjálfa mig og vegna vinnu minnar. Ég hef til dæmis notað Proderm fyrir tókur í heitum löndum, í vatni og á jöklum. Ég hef notað sólarvörninna á ljósa og viðkvæma húð og mjög dökka húð og alltaf með mjög góðum árangri,“ segir Friða María og bendir á að Proderm gefi mikinn raka.

„Kostir Proderm eru margir og mikilvægir. Til dæmis virkar sólarvörnin sérlega vel undir farða fyrir ljós-myndatökur sem og kvikmyndatökur þar sem áferðin verður ekki olíukennd. Þá myndast ekki hvít slika af henni og förðunin situr vel á húðinni,“ segir Friða María.

Hún segir Proderm jafnframt aðlagast húðinni mjög vel svo hún verður ekki klístruð. Froðan þorni fljótt og því auðvelt að bera farða ofan á hana.

„Proderm endist lengi á húðinni og þolir vel svita og vætu. Ef mér finnst þörf á að bæta á sólarvörn þegar líða tekur á daginn er það lítið mál enda hægt að bera Proderm yfir förðunina án þess að hún fari úr skordum.“

Kókosolía er góð fyrir húð og hár

Kókosolía er það nýjasta í fegurðartískunni um þessar mundir. Hún þykir einstaklega góð á húð og hár þótt manni detti það ekki í hug þegar maður sér brúna hnetuna í verslun. Olían er sérstaklega góð fyrir þurra og viðkvæma húð. Hún virkar líka á sólbruna.

Tískutímaritinu Harper's Bazaar er full-yrst að kókosolía sé mesta tískuæðið um þessar mundir. Margar heimsfrægar konur hafa viðurkennt að nota kókosolíu á kroppinn. Olían inniheldur efni sem gefur húðinni raka og gerir hana silki-mjúka auk þess að hafa góð áhrif á ýmis húðvandamál. Bæði kókosolía og kókosfita gera húðinni gott, sérstaklega ef húðin er þurr.

Vönduð kókosolía er sérstaklega góð fyrir þurr- an hársvörð og hárenda. Þá ætti fólk að prófa að bera á sig olíuna ef það þjáist af exemi eða sólbruna. Merkillegt hvað olían gerir okkur gott. Best er að búa sér til kúr í nokkra daga til að ná sem bestum árangri.

Leikkonurnar Gwyneth Paltrow og Blake Lively hafa báðar upplýst að leyndarmálið að baki fallegri húð þeirra sé kókosolían. Þá hafa þær sömu- leiðis notað hana í hárið. Olíuna má einnig nota í matargerð.

Hér eru tíu notkunarmöguleikar kókosolíu

- Ef hárendar þínar eru þurrir skaltu nudda kókosolíunni milli fingranna og bera á hárendana.
- Gott er að bera olíuna á þurr nagla- bönd tvisvar á dag.
- Blandaðu olíuna með sykri og burstaðu líkamann eftir sturtu með blöndunni. Húðin verður silki- mjúk.
- Settu smávegis olíu á varirnar rétt áður en þú ferð að sofa og leyfðu henni að virka yfir nóttina.
- Til að hreinsa húðina eftir förðun er gott að nudda olíu í húðina og hreinsa síðan með rakri bómull.
- Berðu kókosolíuna létt í kringum augun til að forðast hrukkur. Passaðu að hún fari ekki í augun. Láttu liggja á húðinni í 15 mínútur og þvoðu þá af með volgu vatni.
- Gott er að bera olíuna á kroppinn eftir sturtu.
- Ef þú ert svo óheppin að sólbrenna er gott að bera ríkulega af kókosolíu á brunasvæðið.
- Notaðu kókosolíu á húðina fyrir rakstur til að forðast óþægindi. Auðveldara er að skola rakvélar- blaðið þegar olían situr á því.
- Þurrkur í hársverði. Settu vel af kókosolíunni í hársvörðinn og láttu vera í að minnsta kosti 5 mínútur áður en hárið er þvegið.



Vönduð kókosolía er sérstaklega góð fyrir þurran hársvörð.



Gwyneth Paltrow segir að leyndarmálið við fallega húð sé kókosolía.



Fyrir



Eftir

Brostu með E.max !

Hvað er E.max?

E.max postulín er byltingarkennt efni notað í viðgerðir og fegrartannlækningar.

Með E.max er hægt að smíða krónur og brýr sem eru svo náttúrulegar að ómögulegt getur verið að greina smíði frá náttúrulegri tönn.

E.max sameinar útlit og styrk og er eitt endingarbesta efni á markaðnum.

(10 ára notkun hefur skilað 98.2 % success rate)

Fáðu nánari upplýsingar hjá þínum tannlækni!



Myndir:
Tannsmíður: Maggý hjá Bakkabros
Tannlæknir: Hafdís hjá Brosið

FYRIR HEILBRIGÐA OG
ENDURNÆRÐA HÚÐ
EINS OG EFTIR GÓÐAN
NÆTURSVEFN

NÝTT

INNIHELDUR ÞYKKNI
ÚR ÚLFABERJUM.
FRÍSKAR HÚÐINA OG
MINNKAR ÞREYTUMERKI.



ÞURRSJAMPÓ GETA FRÍSKAÐ UPP Á FITUGT HÁR

Lengi hefur verið vitað að of tíður hárvottur með sjampói fer ekki vel með hárið þar sem sápan þurrkar upp bæði hárið og hársvörðinn.

Því hafa margir sérfræðingar mælt með því að hárið sé þvegið sjaldnar og sumir ganga svo langt að aldrei skuli notað sjampó. Með þessu eigi hárið ekki aðeins að verða heilbrigðara heldur verði það með tímanum fallegra, glansi meira og verði viðráðanlegra í alla staði.

Þurrsjampó hafa verið til allt frá sjöunda áratugnum, misgöð þó. Síðastliðin ár hefur þó orðið nokkur framþróun í efnunum sem gerir að verkum að æ fleiri nýta sér þau þá dagana sem venjulegri sturtuferð er sleppt.

Hlutverk þurrsjampósins er að draga í sig fitu sem hylur

hárið og gerir það slapt og ljótt. Góð þurrsjampó eiga hins vegar ekki að þurrka hársvörðinn.

Flest þurrsjampó fást nú í spreibrúsum. Besta leiðin er að halda brúsanum um 15 cm frá höfðinu og spreya jafnt yfir greitt hárið. Yfirleitt þarf að láta efnið bíða í fimm til tíu mínútur áður en hárið er greitt til að losna við það sem eftir er af sjampóinu. Til dæmis er gott að bursta hárið með höfuðið á hvolf. Einnig má nota háþurrku við verkið. Ekki er mælt með að nota þurrsjampóið eingöngu heldur aðeins nokkrum sinnum en þvo þess á milli hárið á venjulegan máta með vatni og sjampói. Þurrsjampóið hreinsar nefnilega ekki húðflögur og ryk úr hárinu.



Of tíðar sturtuferðir með tilheyrandi sjampónotkun geta þurrkað bæði hár og hársvörð.



HUNANG Á VANGA

Hunang hefur lengi verið notað sem rakagefandi maski á húð. Það er talið búa yfir bakteríudrepandi eiginleikum og á að virka græðandi á húðina.

Hunang má nota bæði til að hreinsa andlitið og einnig sem rakagefandi maska.


Andlitshreinsir

Nuddið einni matskeið af hunangi á allt andlitið og látið bíða í tvær mínútur. Skolið af með volgu vatni.

Maski

Berið gott lag af hunangi yfir hreina húð. Berið á allt andlitið. Slakið á í tíu mínútur áður en hunangið er hreinsað af með volgu vatni og þvottaklút.

vintageamanda.com



NOKKUR GÓÐ RÁÐ FYRIR HÁRIÐ

Til að fá hárið til að líta sem best út er gott að fylgja þessum ráðum.

- Þegar hárið er þurrkað með hárblásara er mikilvægt að setja hitavörn í það. Ekki er sniðugt að nota heitustu stillinguna og helst á að halda blásaranum í tuttugu sentímetra fjarlægð frá lokkunum.
- Gott er að láta klippa endana á síðu hári með reglulegu millibili eða á sex til átta vikna fresti til að koma í veg fyrir kloffna enda.
- Streita, reykingar og slæmar matarvenjur geta gert hárið líflaust og viðkvæmt.
- Hárið er viðkvæmast þegar það er blautt, því er sniðugt að bíða með að bursta það eða greiða þar til það er að mestu orðið þurrt.



TREVOR SORBIE
professional

ELMA LÍSA

„EFTIR AÐ ÉG BYRJAÐI AÐ NOTA TREVOR SORBIE FYRIR SÍTT HÁR ER MUN AUÐVELDARA AÐ GREIÐA HÁRIÐ OG EIGA VIÐ ÞAÐ. HÁRIÐ ILMAR VEL OG HELST MJÚKT ALLAN DAGINN“



HÁRLÍNA ÞRÓUÐ AF FÆRUSTU HÁRSNYRTUM TREVOR SORBIE
ALLAR VÖRUNAR ERU ÁN PARABENA

FÆST Í HAGKAUP